

Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf.

Ársreikningur samstæðu 2018

Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf.
Kennitala 660805-1250
Austurbakka 2, 101 Reykjavík

Efnisyfirlit

	bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra	2 - 4
Áritun óháðs endurskoðanda	5 - 6
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8 - 9
Sjóðstreymi	10
Skýringar	11 - 22

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Meginstarfsemi

Hlutverk Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. (Harpa) er að vera vettvangur fyrir tónlistar- og menningarlíf sem og hvers konar ráðstefnur, fundi og samkomur, innlendar sem erlendar. Harpa og dótturfélög (samstæðan) annast eignarhald og rekstur tónlistar- og ráðstefnumiðstöðvarinnar Hörpu við Austurhöfn í Reykjavík, auk tengdrar starfsemi.

Samstæðan og starfsemin á árinu

Á árinu 2018 voru haldnir 1.430 viðburðir í Hörpu samanborið við rúmlega 1.500 á árinu 2017 og munaði þar mest um minni umsvif í viðburðum fyrir ferðamenn. Haldnir voru 777 listviðburðir, þ.e. tónleikar, leiksýningar og listsýningar og voru tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands þar af 100 talsins. Viðburðir fyrir börn voru alls 69 talsins. Einnig voru haldnar 408 ráðstefnur, fundir og veislur. Alls voru haldnir 440 viðburðir og sérstakar leiðsagnir fyrir ferðamenn en að auki var boðið upp á tæplega 1.100 almennar leiðsagnir um húsið. Um 273 þúsund aðgöngumiðar voru afgreiddir í gegnum miðasölu Hörpu á árinu samanborið við um 286 þúsund árið áður, en auk þess voru fjölmargir aðrir viðburðir í Hörpu án miðasölu. Heildarvelta miðasölu í Hörpu á árinu nam um 1.400 milljónum króna.

Stjórn og stjórnendur hófu vinnu við stefnumótun fyrir Hörpu til næstu fimm ára þar sem framtíðasýn, hlutverk og stefnumarkandi áherslur voru mótaðar í samráði við breiðan hóp notenda Hörpu. Í tengslum við þessa vinnu gerði MMR könnun á landsvísi sem sýndi að 86% þjóðarinnar hefur komið í Hörpu og 81% á þáliðnum síðustu 12 mánuðum. Samkvæmt könnuninni eru 73% Íslendinga jákvæðir í garð Hörpu en 6% neikvæðir.

Fjöldi heimsóknna í Hörpu á árinu var rúmlega 2,1 milljónir sem er áþekkt og árið áður.

Rekstrarhagnaður samstæðunnar fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) var 42,2 milljónir króna árið 2018, samanborið við 56,6 milljónir króna árið 2017. Ráðist var í aðhaldsaðgerðir og umbætur í rekstri sem farnar eru að skila árangri. Þannig hefur framlegð af kjarnastarfsemi aukist og hagræðing náðst á ýmsum sviðum. Beint framlag eigenda til rekstrar nam 400 milljónum króna á árinu og lækkaði um 50 milljónir króna á milli ára.

Þrátt fyrir að rekstur samstæðunnar án rekstrarframlags eigenda hafi batnað á milli áruna 2017 og 2018 varð tap að fjárhæð 461,5 milljónir króna af heildarstarfsemi samstæðunnar á árinu, samanborið við 243,3 milljóna króna tap árið 2017. Aukið tap má einkum rekja til hækkunar á verðbótum og fjármagnsgjöldum á milli ára um 253 milljónir króna sem kom til hækkunar á höfuðstól skuldabréfaláns sem tekið var til að fjármagna byggingu Hörpu. Eigið fé samstæðunnar var neikvætt um 508,9 milljónir króna í árslok 2018. Fyrirsjáanlegt er að eigið fé mun verða sífellt neikvæðara á næstu árum þó svo að EBITDA framlegð verði áfram jákvæð.

Stjórnendur samstæðunnar hafa lagt áherslu á að tryggja Hörpu raunsannari framsetningu á efnahagsreikningi og beitt sér fyrir því í samstarfi við eigendur. Á grundvelli settra reikningsskilareglna (alþjóðlegra reikningsskilastaðla - IFRS) mætti gera þær breytingar á reikningsskilum samstæðunnar að verðtryggð fjárfraða á eigendur, sem alfarið gengur til greiðslu á skuldabréfaútgáfu samstæðunnar, verði eignfærð á núvirði í reikningsskilum Hörpu. Jafnframt verði bókfært verð fasteignar lækkað og verði í samræmi við tekjuvirði eignarinnar. Gerð er nánari grein fyrir mati á fjárhagslegri stöðu samstæðunnar á þessum grundvelli í skýringu númer 13. Fyrir liggur ákvörðun stjórnenda Hörpu og fulltrúa eigenda um að komast á næstu mánuðum að niðurstöðu um hvernig tryggja megi til framtíðar sjálfbæran efnahags- og rekstrargrundvöll Hörpu sem byggir á nýrri stefnumótun, ítarlegri starfsþáttagreiningu og viðskiptaáætlun.

Hjá samstæðunni voru 111 starfsmenn á launaskrá á árinu 2018 og er það fækkun um 6 starfsmenn frá árinu 2017. Stöðugildum fækkaði um 6 eða úr 50 í um 44 á milli ára. Fastráðnir starfsmenn skiptust í 18 konur og 20 karla og starfsfólk í hlutastarfi í 37 konur og 21 karl.

Það er álit stjórnar samstæðunnar að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samstæðunnar í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun samstæðunnar, komi fram í ársreikningnum.

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Fjárhagleg staða og framsetning reikningsskila samstæðunnar

Greiðslustaða samstæðunnar hefur verið þung um árabíl. Skýringarnar eru meðal annars hár kostnaður vegna rekstrar fasteignarinnar, of lítil framlegð af starfsemi og mun hærri fasteignagjöld en gert hafði verið ráð fyrir en ágreiningur vegna þeirra hefur staðið yfir frá því starfsemi hófst í Hörpu og fór til meðferðar dómstóla.

Dómur Hæstaréttar Íslands, sem kveðinn var upp þann 25. febrúar 2016, leiddi til væntinga stjórnenda Hörpu um að fasteignagjöld myndu lækka verulega. Það hefur ekki gengið eftir og hefur samstæðan ítrekað kært nýtt fasteingamat þjóðskrár Íslands á síðustu árum. Ný niðurstaða þjóðskrár Íslands frá 12. október 2017 var á þá leið að grunnmódeli fyrir ráðstefnu – og tónleikahús innan tekjumatsaðferðar verði ekki breytt. Undimatssvæðisstuðli Hörpu var hins vegar breytt til tímabundinnar lækkunar í samræmi við athugasemdir yfirfasteignamatsnefndar. Harpa undi ekki þessu nýja frummati, sem stjórn og stjórnendur töldu hvorki nægilega rökstutt né í samræmi við dóm Hæstaréttar Íslands. Yfirfasteignamatsnefnd úrskurðaði þann 13. desember 2018 að aðferðir þjóðskrár Íslands endurspegluðu gangverð fasteignarinnar. Stjórnendur Hörpu hafa ekki tekið ákvörðun um næstu skref en fyrir liggur að rekstur Hörpu ber ekki svo há gjöld af fasteigninni.

Í ljósi afar erfiðrar stöðu samstæðunnar í ársbyrjun 2017 undirrituðu eigendur hennar, íslenska ríkið og Reykjavíkurborg, viðauka við samkomulag frá árinu 2013 um rekstur og starfsemi Hörpu sem dagsettur var þann 23. maí 2017 og var framlagið hækkaði í 450 milljónir króna. Til að tryggja nauðsynlegt rekstrarhæfi samstæðunnar út árið 2018 var rekstrarframlag eigenda 400 milljónir króna.

Fjallað er nánar um um fasteignamatsmálið í skýringu númer 4 og um fjárhagslega stöðu og framsetningu reikningsskila samstæðunnar í skýringu númer 13.

Jöfnun taps

Stjórnin vísar til ársreikningsins varðandi jöfnun taps. Ekki eru heimildir til úthlutunar arðs.

Eignaraðild

Engin breyting varð á eignarhaldi móðurfélags samstæðunnar á árinu sem er að 54% hluta í eigu íslenska ríkisins og 46% hluta í eigu Reykjavíkurborgar.

Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Eigendur Hörpu samþykktu samkvæmt fjárlögum íslenska ríkisins og fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar að leggja Hörpu til 450 milljóna króna rekstrarframlag á árinu 2019 sem innt verður af hendi með mánaðarlegum innborgunum. Samþykkt eigenda leiðir til þess að lausafjárstaða samstæðunnar er tryggð til ársloka 2019.

Fjárhagsleg áhættustjórnun

Helstu fjárhagslegu áhættuþættir samstæðunnar eru lausafjár-, útlána- og vaxta- og verðtryggingaráhætta. Umfjöllun um fjárhagslega áhættustjórnun og áhættuþætti er að finna í skýringu 17.

Stjórnarhættir

Stjórn Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss leitast við að viðhalda góðum stjórnarháttum og að fylgja „Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja“ sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq Iceland og Samtök atvinnulífsins gáfu út 2015. Stjórn Hörpu hefur sett sér starfsreglur þar sem valdsvið hennar er skilgreint og verksvið gagnvart forstjóra. Í þessum reglum er meðal annars að finna reglur um fundarskög, reglur um þagnarskyldu, upplýsingagjöf forstjóra gagnvart stjórn og fleira. Stjórn móðurfélags samstæðunnar hefur jafnframt skipað endurskoðunarnefnd. Stjórn samstæðunnar ákveður starfskjör forstjóra.

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Fyrirvari Vilhjálms Egilssonar, varaformanns stjórnar

Ég vísa til skýringar 13 við ársreikninginn.

Fyrirvari minn snýr einkum að meðhöndlun á skuldbindandi framlagi Ríkissjóðs og Reykjavíkurborgar til Greiðslumiðlunarinnar Hrings ehf., dótturfélags Hörpu ehf. Samkvæmt útgáfulýsingu á skuldabréfaútgáfu HARP 46 0217 dags. 24.04.2013 rennur framlagið beint inn á reikning útgefanda, þ.e. Greiðslumiðlunarinnar Hrings ehf. en því er fyrst ætlað að standa skil á greiðslu vaxta og afborgana af skuldabréfum HARP 46 0217 áður en hægt er að ráðstafa því annað. Fjárhæð framlagsins verður alltaf nægileg til að standa í skilum af skuldabréfunum. Í ársreikningi Greiðslumiðlunarinnar Hrings ehf. er þessi skuldbinding Ríkissjóðs og Reykjavíkurborgar færð sem fjáreign í samræmi við viðeigandi IFRS staðal sem um slíka samningsbundna greiðslustrauma gildir enda er útgefandinn skráður sem eining tengd almannahagsmunum með samsvarandi skyldur. Í samstæðureikningi Hörpu ehf. ættu bæði skuldir vegna skuldabréfaútgáfunnar og eignfærslan vegna óskilyrts framlags Ríkissjóðs og Reykjavíkurborgar að koma fram í efnahagsreikningi.

Þótt móðurfélagið sé ekki viðtakandi framlagsins er engu að síður færð upp viðskiptaskuld við dótturfélagið eins og að framlagið renni fyrst til móðurfélagsins og einnig sleppt að eignfæra fjáreignina vegna hins óskilyrts framlags. Þessi háttur á meðferð framlagsins og færslu viðskiptaskuldar móðurfélagsins við dótturfélagið gefur ekki glögga mynd af rekstri og efnahag samstæðunnar svo vægt sé til orða tekið.

Á undanförunum árum hef ég beitt mér fyrir því að ársreikningur Hörpu ehf. væri færður þannig að hið óskilyrta framlag kæmi fram í efnahagsreikningi samstæðunnar og það efni hefur margoft verið á dagskrá endurskoðunarnefndar og stjórnar. Málið hefur ekki náð fram að ganga og skilaboðin verið þau að eigendur Hörpu ehf. myndu ekki samþykkja slíkan ársreikning. Ég hef hingað til undirritað ársreikninga í þeirri von að eigendur sæju sig um hönd við gerð næsta ársreiknings og haft ástæðu til að ætla að slíkt gerðist. En nú tel ég að mér sem stjórnarmanni sé ekki lengur stætt á að taka ábyrgð á því ástandi sem hefur skapast þegar samstæðan er komin með neikvætt eigið fé samkvæmt þessum ársreikningi.

Til viðbótar tel ég að verðmæti fasteignarinnar sé ofmetið í efnahagsreikningi Hörpu ehf. Virðispróf sem unnið hefur verið á sambærilegum forsendum og virðismat eigna almennra fasteignafélaga á markaði og með stuðningi af óháðu verðmæti á fasteigninni staðfestir þetta álit mitt.

Staðfesting stjórnar og forstjóra

Stjórn Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ehf. og forstjóri staðfesta hér með ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2018 með áritun sinni.


Reykjavík, 4. apríl 2019



Þórður Sverrisson
stjórnarformaður



Vilhjálmur Egilsson
varaformaður, undirritun með fyrirvara



Arna Schram
stjórnarmaður



Aðalheiður Magnúsdóttir
stjórnarmaður



Árni Geir Pálsson
stjórnarmaður



Svanhildur Konráðsdóttir
forstjóri

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar og forstjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2018, efnahag 31. desember 2018 og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur, og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í samstæðuársreikningnum.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda. Við erum óháð samstæðunni samkvæmt ákvæðum siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi samstæðunnar. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábending vegna fjárhagslegrar stöðu

Við viljum vekja athygli á umfjöllun í skýrslu stjórnar og skýringu númer 13 þar sem fjallað er um fjárhagslega stöðu samstæðunnar og framsetningu samstæðuársreikningsins. Eins og fram kemur í þessari tilvitnaðri skýringu telja stjórnendur bókfært verð eigin fjár samstæðunnar verulega vanmetið þar sem raunverulegar eignir komi ekki allar fram í efnahagsreikningi. Byggt á þeim atriðum sem koma fram í tilvitnaðri skýringu, gerum við ekki fyrirvara í álit okkar vegna þessa.

Aðrar upplýsingar

Greiðslumiðlunin Hringur ehf., dótturfélag Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf., hefur skuldabréf sín skráð í Kauphöll Íslands og gerir reikningsskil sín í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla. Tilgangur þess félags er að taka á móti óskilyrtu framlagi íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar vegna byggingar og fjármögnunar á tónlistar og ráðstefnuhúsinu Hörpu og greiða afborganir og vexti af skuldabréfaflokknum HARP 46 0217.

Þar sem Greiðslumiðlunin Hringur ehf. er félag með skráð skuldabréf þá er greint frá lykilatriðum endurskoðunar þess félags í endurskoðunaráritun í ársreikningi þess félags sem birt eru í Kauphöll Íslands. Vísað er til þeirrar áritunar og tekið fram að skuldbindingar Greiðslumiðlunar Hringar eru að öllu leyti tryggðar með framlagi íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar til 35 ára.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins ber stjórnendum félagsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning samstæðunnar á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa félagið upp eða hætta rekstri þess, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi samstæðunnar. Stjórnendum samstæðunnar ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

Áritun óháðs endurskoðanda

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallar eru á samstæðuársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvisandi framsetningu samstæðuársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirliti sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits samstæðunnar.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í samstæðuársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að félagið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald samstæðuársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirbyggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.


Öflum nægjanlegra endurskoðunargagna vegna fjárhagsupplýsinga félaga og eininga innan samstæðunnar og gefum út álit á samstæðuársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Við berum ábyrgð á álit okkar.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Við höfum lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við uppfyllum nauðsynleg siðferðis- og óhæðisskilyrði og við munum láta þeim í té allar upplýsingar um hugsanleg tengsl og önnur atriði sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og trúnað.

Reykjavík, 4. apríl 2019

PricewaterhouseCoopers ehf.


Vignir Rafn Gíslason
lögfróður endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2018

		Samstæða	
	Skýr.	2018	2017
Rekstrartekjur			
Tekjur af starfsemi	3, 11	1.171.863	1.161.052
Rekstrarframlag frá eigendum	3	400.000	450.000
		<u>1.571.863</u>	<u>1.611.052</u>
Rekstrargjöld			
Húsnæðiskostnaður	4	596.018	530.284
Laun og launatengd gjöld	4	478.127	515.209
Aðkeypt þjónusta	4	302.285	284.602
Annar rekstrarkostnaður	4	153.202	224.374
		<u>1.529.632</u>	<u>1.554.469</u>
Rekstrarhagnaður (EBITDA)		42.231	56.582
Afskriftir	6, 7	323.027	345.075
Rekstartap fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		(280.796)	(288.493)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Hrein fjármagnsgjöld	5	(1.314.113)	(1.061.075)
Tap af reglulegri starfsemi		(1.594.909)	(1.349.568)
Framlag til greiðslu afborgana og vaxta			
Framlag ríkis og borgar v. fjármögnunar fasteignar og búnaðar	3, 11	1.133.441	1.106.895
Reiknaður tekjuskattur	12	0	(653)
Tap ársins		<u>(461.468)</u>	<u>(243.326)</u>
Afkoma skiptist á eftirfarandi hátt:			
Eigendur félagsins		(461.795)	(239.753)
Hlutdeild minnihluta		<u>326</u>	<u>(3.573)</u>
		(461.468)	(243.326)

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

Eignir	Skýr.	Samstæða	
		31.12.2018	31.12.2017
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir:			
Hugbúnaður	6	3.571	3.421
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Fasteignir og lóðir	7	16.630.180	16.792.618
Innréttingar, áhöld og tæki	7	2.308.394	2.445.238
		<u>18.938.575</u>	<u>19.237.855</u>
Fastafjármunir samtals		18.942.146	19.241.276
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	8	336.326	283.152
Handbært fé		611.241	682.301
		<u>947.567</u>	<u>965.453</u>
Eignir samtals		<u>19.889.713</u>	<u>20.206.729</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

Eigið fé og skuldir	Skýr.	Samstæða	
		31.12.2018	31.12.2017
Eigið fé	9		
Hlutfé		3.272.326	3.272.326
Ójafnað tap		(3.787.683)	(3.325.888)
		(515.357)	(53.562)
Hlutdeild minnihluta		6.429	6.102
		(508.928)	(47.460)
Skuldir			
Skuldbindingar:			
Tekjuskattsskuldbinding	12	0	50
Langtímaskuldir:			
Skuldir í íslenskum krónum	10	19.326.227	19.157.845
		19.326.227	19.157.895
Skammtímaskuldir:			
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum	10	456.166	426.275
Óuppgert vegna viðburða		283.593	358.057
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		294.820	284.866
Skuldir við tengda aðila	11	37.836	27.097
		1.072.415	1.096.295
Skuldir samtals		20.398.641	20.254.189
Eigið fé og skuldir samtals		<u>19.889.713</u>	<u>20.206.729</u>
Fjárhagsleg áhættustjórnun	17		
Aðrar upplýsingar	13-16		

Sjóðstreymi ársins 2018

		Samstæða	
	Skýr.	2018	2017
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Tap ársins		(461.468)	(243.326)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	6,7	323.027	345.075
Aðrir liðir	15	627.637	336.265
		489.195	438.014
(Hækkun) lækkun rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		(44.031)	296.928
(Lækkun) hækkun rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		(62.913)	233.878
		(106.944)	530.805
Handbært fé frá rekstri		382.252	968.819
Fjárfestingahreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	7	(22.698)	(9.672)
Kaupverð óefnislegra eigna	6	(1.198)	0
		(23.896)	(9.672)
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímalána		(429.415)	(404.468)
Skammtímalán, breyting		0	(31.115)
		(429.415)	(435.583)
(Lækkun) hækkun á handbæru fé		(71.060)	523.565
Handbært fé í byrjun árs		682.301	158.736
Handbært fé í árslok		611.241	682.301
Aðrar upplýsingar			
Mótteknir vextir		10.688	6.725
Greiddir vextir		(658.181)	(654.412)

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf. (Harpa) og dótturfélög (samstæðan) starfa á sviði fasteignastjórnunar og rekstrar. Hlutverk Hörpu er að sjá um eignarhald og rekstur tónlistar- og ráðstefnumiðstöðvar við Reykjavíkurhöfn. Upplýsingar um dótturfélögin eru í skýringu nr. 16.

Félagið er í eigu íslenska ríkisins að 54% hluta og Reykjavíkurborgar að 46% hluta. Aðsetur félagsins er að Austurbakka 2, 101 Reykjavík.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

2.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settur fram þúsundum íslenskra króna. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir.

Við gerð reikningsskilaanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mót þessi séu samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

2.2 Fjárhagsleg staða og rekstrarhæfi samstæðunnar

Umfiðillun um fjárhagslega stöðu samstæðunnar er að finna í skýringu nr. 13 en þar kemur fram að samstæðan sé rekstrarhæf. Ársreikningurinn er lagður fram á þeim grundvelli.

2.3 Samstæðureikningur

Félög sem innifalinn eru í samstæðunni uppfylla þau skilyrði að móðurfélagið eða önnur félög innan samstæðunnar hafa yfir að ráða meira en helming af atkvæðavægi innan viðkomandi félags eða hefur á annan hátt vald til þess að hafa veruleg áhrif á stjórnun þess. Dótturfélög eru færð í samstæðureikning frá þeim degi sem stjórnun félaga færast til samstæðunnar og til þess dags sem stjórnun er ekki lengur í höndum hennar. Ársreikningur samstæðunnar er gerður með þeim hætti að lagðir eru saman sambærilegir liðir eigna, skulda, tekna og gjalda úr ársreikningum einstakra félaga í samstæðunni en öllum innbyrðis viðskiptum, inneignum, skuldum og óinnleystum hagnaði er eytt í samstæðunni.

Í móðurfélagsreikningi eru færð afkomuáhrif dótturfélaga miðað við hlutdeild móðurfélags í eigin fé viðkomandi dótturfélaga. Hlutdeild í tapi dótturfélaga er fært á móti eignarhlut í viðkomandi dótturfélagi að því marki að bókfært verð eignarhlutar verði ekki neikvætt. Ef hlutdeild í tapi er hærrí þá færast það á móti kröfu móðurfélagsins á dótturfélagið að því marki sem krafan dugar á móti gjaldfærslunni. Hlutdeild í tapi umfram það er ekki fært nema talið sé að móðurfélagið þurfi að bera skuldbindingar dótturfélagsins.

2.4 Samanburðarfrjárhæðir

Þar sem það hefur átt við hefur samanburðarfrjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

2.5 Innlaun tekna

Tekjur í rekstrarreikningi samanstanda annars vegar af tekjum af starfsemi Hörpu og hins vegar af framlögum frá íslenska ríkinu og Reykjavíkurborg.

Tekjur af starfsemi Hörpu samanstanda af seldri þjónustu, útleigu aðstöðu og umboðslaunum vegna viðburða á borð við tónleika og ráðstefnur. Tekjur af veittri þjónustu vegna starfsemi í Hörpu eru færðar þegar unnið er til þeirra. Tekjur vegna framlaga frá íslenska ríkinu og Reykjavíkurborg eru færð á grundvelli samninga þar um eða þegar íslenska ríkið hefur staðfest það í fjárlögum og Reykjavíkurborg í fjárhagsáætlun.

2.6 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnstæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Vaxtagjöld eru gjaldfærð þegar þau falla til samanber þó skýringu 2.9.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ÍSK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

Skýringar

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir, framhald

2.7 Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2019. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikningi. Á byggingartíma fasteignar var framangreindur kostnaður færður sem hluti af byggingarkostnaði fasteignar.

2.8 Ófnislegar eignir

Tölvuhugbúnaður

Kostnaður sem verður til við þróun og viðhald tölvuhugbúnaðar er gjaldfærður þegar hann verður til. Kostnaður sem beint tengist sérstökum hugbúnaði sem samstæðan á og mun líklega njóta ávinnings af umfram kostnað, þegar til lengra tíma lætur, er eignfærður sem ófnisleg eign. Beinn kostnaður í þessu sambandi er kostnaður starfsmanna sem starfa við verkefnið og ákveðin hlutdeild í óbeinum kostnaði.

Kostnaður við endurbætur á tölvuhugbúnaði, umfram það sem hann var í upphafi, er eignfærður sem og keyptur hugbúnaður. Tölvuhugbúnaður er gjaldfærður á áætluðum nýtingartíma en að hámarki á 4 árum.

2.9 Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til þess að gjaldfæra mismun á kostnaðarverði eða endurmetnu verði og hrakvirði á áætluðum endingartíma eignanna sem hér segir:

Fasteignir	100 ár
Innréttingar, áhöld og tæki	4-30 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð. Á árinu 2009 áttu sér stað breytingar á fjárhagslegri skipan samstæðunnar sem leiddi til þess að endurheimtanlegt verð lækkaði og var bókfært verð byggingarkostnaðar lækkað sem því nam. Samsvarandi lækkun var á skuldum samstæðunnar. Kostnaðarverð sem sýnt er í skýringu nr. 7 tekur tillit til þeirrar lækkunar sem þá átti sér stað.

Hagnaður og tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söludegi og er hluti af rekstrarhagnaði.

Vaxtagjöld og verðbætur af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna varanlega rekstrarfjármuni voru eignfærð á þeim tíma sem það tók að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í rekstrarreikningi. Eftir skilgreindum byggingartíma lauk á árinu 2011 hafa öll vaxtagjöld verið gjaldfærð.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

2.10 Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhæftu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum samstæðunnar.

2.11 Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstandur af sjóði, óbundnum bankainnstæðum, skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en 3ja mánaða. Yfirdrættir á bankareikningum eru sýndir meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

2.12 Hlutfé

Almennt hlutfé er flokkað sem eigið fé.

Kostnaður við útgáfu nýs hlutfjár, annar en í tengslum við samruna, er færður til lækkunar á innborguðu eigin fé að frádregnum tekjuskatti. Kostnaður við útgáfu hlutfjár í tengslum við samruna er færður til lækkunar á kaupverðinu.

Þegar félagið eða dótturfélög kaupa hlutfé í sjálfu sér er kaupverðið fært í heild sinni til lækkunar á eigin fé sem eigin hlutabréf þar til bréfin eru afskráð eða seld.

Skýringar

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir, framhald

2.13 Tekjuskattur og tekjuskattskuldbinding

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema vegna liða sem færðir eru í gegnum eigið fé, þá er tekjuskatturinn færður beint á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er reiknaður miðað við gildandi tekjuskattshlutfall á reikningsskiladegi. Tekjuskattur til greiðslu byggir á áætluðum sköttum sem vænt er að greiða beri til skattfyrivalda á næsta ári.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundins mismunar á milli skattverðs eigna og skulda og bókfærðs verð í ársreikningi. Frestaður tekjuskattur er metin með því tekjuskattshlutfalli sem ætla má að verði í gildi þegar til nýtingar kemur.

Tekjuskattseign er eingöngu færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður í framtíðinni muni nýtast á móti henni.

Tekjuskattsskuldbindingu og tekjuskattseign er jafnað saman þegar það er heimilt skv. lögum og er vegna tekjuskatts sem lagður er á af sömu skattayfirlöðum.

2.14 Lántaka

Lántaka er færð í upphafi á gangvirði, að frádregnum viðskiptakostnaði sem stofnað er til. Lántaka er síðan færð á afskrifuðu kostnaðarverði; mismunur, ef einhver er, á andvirðinu (að frádregnum viðskiptakostnaði) og innlausnarvirði er fært í rekstrarreikning að teknu tilliti til reglubundinnar dreifingar affalla eða yfirverðs.

Lántaka er flokkuð sem skammtímaskuldir nema félagið hafi óskilyrtan rétt til að fresta uppgjöri skuldarinnar í a.m.k. 12 mánuði eftir dagsetningu efnahagsreiknings.

2.15 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum.

3. Rekstrartekjur

	2018	2017
Tekjur af starfsemi samstæðu Hörpu		
Leigutekjur	179.380	176.186
Viðburðir og ráðstefnur	757.100	734.101
Rekstrarleyfissamningar	216.500	218.856
Aðrar tekjur	18.883	31.909
	<u>1.171.863</u>	<u>1.161.052</u>

Rekstrarframlag frá eigendum

Íslenska ríkið og Reykjavíkurborg veittu samstæðunni rekstrarframlag að fjárhæð 400 milljónir króna á árinu 2018 í samræmi við fjárlög íslenska ríkisins og fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar. Rekstrarframlagið byggir á viðauka við samning Hörpu og eigenda um rekstur starfsemi Hörpu, dagsettu þann 23. maí 2017. Rekstrarframlag eigenda eru meðal annars vegna aukins kostnaðar í tengslum við fasteignagjöld.

Framlag til rekstrar Hörpu	400.000	450.000
----------------------------------	---------	---------

Vísað er til skýringar nr. 13 varðandi rekstrarframlag eigenda á árinu 2019.

Framlag ríkis og borgar vegna rekstrar

Framlag ríkis og borgar til fjármögnunar fasteignarinnar Hörpu og tækjabúnaðar er föst árleg fjárhæð og er bundið vísitölu neysluverðs með grunnvísitölu 237,4. Framlag ársins nam 1.133,4 milljónum króna, samanbórið við 1.106,9 milljónir króna á árinu 2017. Framlagið er tekjufært í rekstrarreikningi félagsins, en er notað að öllu leyti til greiðslu lána og vaxta tengdum byggingarframkvæmdum. Samkvæmt samningi við íslenska ríkið og Reykjavíkurborg skal framlagið greitt mánaðarlega í 35 ár. Greiðslur hófust í mars 2011.

Skýringar

4. Rekstrargjöld

Rekstrargjöld samstæðunnar greinast þannig:

	2018	2017
Húsnæðiskostnaður		
Fasteignagjöld	267.180	242.309
Annar húsnæðiskostnaður	328.837	287.975
	<u>596.018</u>	<u>530.284</u>

Ágreiningur hefur verið milli Hörpu og Þjóðskrár Íslands um fasteignamat Hörpu frá því Harpa hóf starfsemi. Harpa óskaði eftir endurmati fasteignarinnar, sem var hafnað, Harpa kærði þá niðurstöðu til yfirfasteignamatsnefndar, kærði úrskurð yfirfasteignamatsnefndar til héraðsdóms Reykjavíkur og áfrýjaði til Hæstaréttar Íslands. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu í dómi nr. 477/2015, sem kveðinn var upp þann 25. febrúar 2016, að Þjóðskrá Íslands bæri að ákvarða fasteignamat Hörpu í samræmi við s.k. tekjuaðferð og vísaði málinu til Þjóðskrár Íslands til endurákvörðunar.

Þjóðskrá Íslands birti nýtt fasteignamat þann 28. október 2016 og staðfesti Þjóðskrá Íslands matið með sérstakri ákvörðun þann 30. desember 2016. Hið nýja ákvarðaða fasteignamat byggir á að fasteigninni er skipt upp í tiltekna rýmisflokka í samræmi við notkun hennar og samhliða því stofnaði Þjóðskrá Íslands nýjan rýmisflokk tónlistar- og ráðstefnuhúsa.

Harpa kærði niðurstöðu Þjóðskrár Íslands til yfirfasteignamatsnefndar þann 18. janúar 2017 sem kvað upp úrskurð, þann 31. ágúst 2017, þar sem ákvörðun Þjóðskrár Íslands frá 30. desember 2016 var felld úr gildi og lagði fyrir Þjóðskrá Íslands að taka málið til meðferðar að nýju. Þjóðskrá Íslands birti nýja ákvörðun um frummat fasteignamats fyrir Hörpu þann 12. október 2017 sem Harpa óskaði eftir endurmati á þann 10. nóvember 2017. Þjóðskrá Íslands hafnaði beiðni Hörpu um endurmat, þann 26. febrúar 2018. Harpa kærði niðurstöðu Þjóðskrár Íslands til yfirfasteignamatsnefndar. Úrskurður yfirfasteignamatsnefndar dags. 13. desember 2018 var að aðferðir Þjóðskrár Íslands endurspegluðu gangverð fasteignarinnar. Stjórnendur Hörpu hafa ekki tekið ákvörðun um hvort þessum nýjasta úrskurði yfirfasteignamatsnefndar verði vísað til dómstóla.

Ákvörðun Þjóðskrár Íslands um fasteignamat Hörpu er hærra en stjórnendur Hörpu höfðu gert ráð fyrir, hærra en upphafleg áætlun um rekstur fasteignarinnar og hærra en ætla má sé lítið til dóms Hæstaréttar og þeirra forsendna sem þar eru tilgreindar, þ.m.t. tekjuaðferð.

Þrátt fyrir að stjórnendur Hörpu telji gildandi fasteignamat Þjóðskrár Íslands vera rangt þá eru fasteignagjöld í rekstrarreikningi 2018 og 2017 færð í samræmi við ákvarðað fasteignamat Þjóðskrár Íslands að teknu tilliti til breytingar í samræmi við úrskurð yfirfasteignamatsnefndar, dagsettum þann 31. ágúst 2017, sem fólst í tímabundinni lækkan á stuðli úr 1,3 í 1,0 fyrir tiltekin undirmatssvæði fasteignarinnar.

	2018	2017
Laun og launatengd gjöld		
Laun	396.522	428.480
Launatengd gjöld	81.605	86.730
	<u>478.127</u>	<u>515.209</u>

Hjá samstæðunni voru 111 á launaskrá á árinu 2018 í um 44 stöðugildum, samanborið við 117 á launaskrá á árinu 2017 í um 50 stöðugildum.

Laun, þóknarir og launatengd gjöld stjórna og forstjóra námu 31,2 milljónum króna 2018 samanborið við 29,2 milljónir króna árið 2017. Þar af voru laun og launatengd gjöld forstjóra 21,9 milljónir króna á árinu 2018. Til samanburðar voru laun og launatengd gjöld forstjóra 14,2 milljónir króna og fráfarandi forstjóra 6,2 milljónir króna á árinu 2017.

Samstæðan hefur ekki gert neina samninga við starfsmenn eða stjórnendur um lífeyris- eða eftirlaunagreiðslur.

	2018	2017
Aðkeypt þjónusta		
Aðkeypt þjónusta vegna listviðburða og ráðstefna	247.460	229.255
Önnur aðkeypt þjónusta	54.824	55.348
	<u>302.285</u>	<u>284.602</u>
Annar rekstrarkostnaður		
Kostnaður tengdur miðakerfi	32.635	40.602
Markaðskostnaður	34.213	48.916
Veittir styrkir	5.000	12.500
Annar rekstrarkostnaður	81.354	122.356
	<u>153.202</u>	<u>224.374</u>

Skýringar

5. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	Banka- reikningar	Langtíma- eign / skuld	Aðrir liðir	Samtals 2018	Samtals 2017
Vaxtatekjur og verðbætur	9.957	0	7.964	17.921	6.725
Vaxtagjöld og verðbætur		(1.332.505)	(407)	(1.332.912)	(1.068.294)
Gengismunur			878	878	495
	9.957	(1.332.505)	8.434	(1.314.113)	(1.061.075)

6. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru tilkomnar vegna eignfærslu á hugbúnaði, sbr. skýringu 2.8, og greinast þannig hjá samstæðunni:

	31.12.2018	31.12.2017
Bókfært verð í ársbyrjun	3.421	4.626
Viðbót ársins	1.198	0
Afskriftir	(1.048)	(1.205)
Bókfært verð í árslok	3.571	3.421
Bókfært verð í árslok greinist þannig:		
Kostnaðarverð	27.905	26.707
Afskrifað samtals	(24.334)	(23.286)
Bókfært verð í árslok	3.571	3.421

7. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Fasteignir og lóðir	Innréttingar, áhöld og tæki	Samtals
Árslok 2017:			
Bókfært verð í ársbyrjun	16.955.048	2.617.006	19.572.054
Viðbót ársins	0	9.672	9.672
Afskriftir	(162.430)	(181.440)	(343.870)
Bókfært verð í árslok	16.792.618	2.445.238	19.237.855
Bókfært verð í árslok 2017 greinist þannig:			
Kostnaðarverð	17.907.748	3.566.576	21.474.324
Afskrifað samtals	(1.115.131)	(1.121.338)	(2.236.469)
Bókfært verð í árslok	16.792.618	2.445.238	19.237.855
Árslok 2018:			
Bókfært verð í ársbyrjun	16.792.618	2.445.238	19.237.855
Viðbót ársins	0	22.698	22.698
Afskriftir	(162.438)	(159.541)	(321.979)
Bókfært verð í árslok	16.630.180	2.308.394	18.938.575
Bókfært verð í árslok 2018 greinist þannig:			
Kostnaðarverð	17.907.748	3.589.274	21.497.023
Afskriftir og virðisryrnun samtals	(1.277.568)	(1.280.880)	(2.558.448)
Bókfært verð í árslok	16.630.180	2.308.394	18.938.575
Gjaldfærðar afskriftir í rekstrarreikningi samstæðunnar greinast þannig:		2018	2017
Afskrift varanlegra rekstrarfjármuna		321.979	343.870
Afskrift óefnislegra eigna (skýring 6)		1.048	1.205
		323.027	345.075

Skýringar

7. Varanlegir rekstrarfjármunir, framhald

Fasteignamat og vátryggingaverðmæti

Fasteignir samstæðunnar í árslok 2018 voru eftirtaldar:

	Fasteignamat hús	Fasteignamat, lóð	Brunabótamat	Bókfært verð
Austurbakki 2 (Harpa)	14.793.350	2.398.000	30.740.611	16.630.180

Lausafé og búnaður eru vátryggð fyrir 1.229 milljónir króna.

Fjárhæðir fasteignamats miðast við nýja ákvörðun Þjóðskrár Íslands, sjá umfjöllun í skýringu nr. 4.

Veðsetningar

Þinglýst veð og skuldbindingar til tryggingar skuldu hvíla á fasteign samstæðunnar sem voru að uppgreiðsluvirði um 19,7 milljarðar króna í árslok 2018. Til tryggingar skilvísu og skaðlausum greiðslum eru þinglýst tryggingarbréf með veði í fasteigninni, Tónlistarhús 01-0101. Nafnverð tryggingarbréfa nemur 18 milljörðum króna. Tryggingarbréf eru bundin vísitölu neysluverðs og nemur framreiknað verð til ársloka 26,0 milljörðum króna. Auk þess eru mánaðarleg framlög frá íslenska ríkinu og Reykjavíkurborg sett að veði til tryggingar á skuldum.

8. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinist þannig hjá samstæðunni:	31.12.2018	31.12.2017
Viðskiptakröfur	273.407	204.728
Kröfur vegna miðasölu	97.464	131.521
Niðurfærsla krafna	(45.181)	(63.107)
Viðskiptakröfur, nettó	325.690	273.141
Aðrar kröfur	10.636	10.011
	<u>336.326</u>	<u>283.152</u>

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur eru færðar niður til að mæta áhættu sem fylgir kröfueign samstæðunnar. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður niðurfærslureikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast, og er hann dreginn frá eignfærðum viðskipta- og skammtímakröfum í efnahagsreikningi.

Niðurfærsla krafna frá fyrra ári	(63.107)	(50.873)
Breyting á niðurfærslu ársins færð í rekstrareikning	9.182	(12.234)
Tapaðar kröfur á árinu	8.744	0
Staða í lok árs	<u>(45.181)</u>	<u>(63.107)</u>

9. Eigið fé

Hlutfé félagsins nam í árslok kr. 3.272.326.000 og er það óbreytt á milli ára. Fjöldi hluta er 3.272.326.000, hver að virði 1 króna.

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	Hlutfé	Ójafnað tap	Samtals	Minnihluti	Samtals eigið fé
Hreyfingar 2017					
Staða í ársbyrjun	3.272.326	(3.086.135)	186.191	9.676	195.866
Tap ársins		(239.753)	(239.753)	(3.573)	(243.326)
Staða í árslok	<u>3.272.326</u>	<u>(3.325.888)</u>	<u>(53.562)</u>	<u>6.102</u>	<u>(47.460)</u>
Hreyfingar 2018					
Staða í ársbyrjun	3.272.326	(3.325.888)	(53.562)	6.102	(47.460)
Tap ársins		(461.795)	(461.795)	326	(461.468)
Staða í árslok	<u>3.272.326</u>	<u>(3.787.683)</u>	<u>(515.357)</u>	<u>6.429</u>	<u>(508.928)</u>

Skýringar

10. Lántaka

Lántaka samstæðunnar greinist þannig:

	31.12.2018	31.12.2017
Skuldabréfaútgáfa í íslenskum krónum:		
Verðtryggt skuldabréf, HARP 46 0217, vextir 3,55%	19.833.342	19.630.471
Lántökukostnaður færður til gjalda á líftíma láns	(137.062)	(143.981)
	<u>19.696.280</u>	<u>19.486.490</u>
Aðrar langtímaskuldir, í íslenskum krónum:		
Skuldabréf, verðtryggt með vísitölu neysluverðs, breytilegir vextir 5,3%	86.112	97.630
Langtímaskuldir samtals	<u>19.782.392</u>	<u>19.584.120</u>

Afborganir af langtímaskuldum samstæðunnar í árslok 2018 greinast þannig á næstu ár:

Árið 2019	456.166
Árið 2020	471.994
Árið 2021	488.393
Árið 2022	505.384
Árið 2023	522.988
Síðar	<u>17.337.467</u>
	<u>19.782.392</u>

Langtímaskuldir samtals 19.782,4 milljónir króna koma þannig fram í efnahagsreikningi:

Afborganir ársins 2019, færðar meðal skammtímaskulda	456.166
Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar	<u>19.326.227</u>
	<u>19.782.392</u>

Skuldabréfaútgáfa

Skuldabréfaútgáfa, upphaflega að fjárhæð 19.510 milljónir króna, er skuldabréfaflokkur sem skráður er í Kauphöll Ísland, Nasdaq OMX, undir auðkenninu HARP 46 0217. Verðbréfaútgáfan er hjá Greiðslumiðluninni Hring ehf., dótturfélagi Hörpu. Harpa er móttakandi framlags frá Íslenska ríkinu og Reykjavíkurborg sem gengur beint til greiðslu skuldabréfaútgáfunnar. Samkvæmt skilmálum skuldabréfanna er þau verðtryggt með vísitölu neysluverðs og föstum 3,55% vöxtum. Skuldabréfin eru án uppgreiðsluheimildar.

Skuldabréfin greiðast með 394 jöfnum greiðslum (annuitet), sem felur í sér að afborgun nafnverðs fer vaxandi eftir því sem líður á lánstímann. Fyrsti gjalddagi var í maí 2013 og síðasti gjalddagi verður þann 15. febrúar 2046. Áætluð heildargreiðsla lánsins með vöxtum og verðbótum er 1.130,8 milljónir króna á árinu 2019.

Skuldabréfin eru tryggt með veði í framlagi íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar, fyrsta veðrétti í tónlistar- og ráðstefnuhúsinu Hörpu auk handveðsréttar tiltekins bankareiknings samstæðunnar.

Íslenska ríkið (54%) og Reykjavíkurborg (46%) hafa skuldbundið sig til að greiða fasta árlega fjárhæð, sem bundin er vísitölu neysluverðs og er greiðsla vegna kaupa á þeirri þjónustu sem felst í því annars vegar að Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ehf. eigi tónlistar- og ráðstefnuhús og hins vegar reki aðstöðu í tónlistar- og ráðstefnuhúsinu Hörpu. Framlagið greiðist mánaðarlega í 35 ár frá 15. mars 2011. Framlagið greiðist inn á veðsettan bankareikning Hríngs og er nýtt til að greiða mánaðarlegar afborganir af skuldabréfum í skuldabréfaflokki samstæðunnar.

Aðrar langtímaskuldir

Skuldabréf í íslenskum krónum, verðtryggt með vísitölu neysluverðs, var tekið í desember 2014, til 9 ára. Það er tryggt með veði í leigugreiðslum og handveði í innstæðu bankareiknings. Vextir eru breytilegir.

Skýringar

11. Viðskipti við tengda aðila

Tengdir aðilar samstæðunnar eru hluthafar félagsins, stjórn samstæðunnar, forstjóri og nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila. Þessi skilgreining er byggð á ákvæðum í settum reikningsskilareglum. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

	2018	2017
Framlag íslenska ríkisins vegna fjármögnunar fasteignar og búnaðar	612.058	597.723
Framlag Reykjavíkurborgar vegna fjármögnunar fasteignar og búnaðar	521.383	509.172
	<u>1.133.441</u>	<u>1.106.895</u>
Rekstrarframlag frá íslenska ríkinu	216.000	243.000
Rekstrarframlag frá Reykjavíkurborg	184.000	207.000
	<u>400.000</u>	<u>450.000</u>
Fasteignagjöld til Reykjavíkurborgar	267.180	242.309
Skammtímaskuldir við Reykjavíkurborg	27.097	27.097
Skammtímaskuldir við Bílastæðasjóð Reykjavíkurborg	10.701	0
	<u>37.798</u>	<u>27.097</u>

Upplýsingar um launagreiðslur til stjórnenda félagsins er að finna í skýringu nr. 4.

12. Tekjuskattur og tekjuskattsskuldbinding

Samstæðan greiðir engan tekjuskatt vegna reksturs ársins 2018. Yfirfæranlegt tap samstæðunnar nam í árslok 7.307 milljónum króna og er nýtanlegt á árunum 2019 til 2028. Hagræði vegna skattalegs taps samstæðunnar er ekki eignfært vegna óvissu um nýtingu.

Félög innan samstæðunnar greiða engan tekjuskatt vegna reksturs ársins 2018 vegna yfirfæranlegs skattalegs taps og vegna samsköttunaráhrifa.

Yfirfæranlegt skattalegt tap greinist þannig:	31.12.2018	31.12.2017
Tap ársins 2009, nýtanlegt til ársloka 2019	85.827	85.827
Tap ársins 2012, nýtanlegt til ársloka 2022	4.427.816	4.427.816
Tap ársins 2013, nýtanlegt til ársloka 2023	221.351	221.351
Tap ársins 2014, nýtanlegt til ársloka 2024	798.685	809.837
Tap ársins 2015, nýtanlegt til ársloka 2025	706.286	706.286
Tap ársins 2016, nýtanlegt til ársloka 2026	418.309	418.309
Tap ársins 2017, nýtanlegt til ársloka 2027	22.870	22.870
Tap ársins 2018, nýtanlegt til ársloka 2028	626.192	0
	<u>7.307.336</u>	<u>6.692.295</u>

13. Fjárhagsleg staða og framsetning reikningsskila samstæðunnar

Fjárhagsleg staða samstæðunnar

Niðurstaða rekstrar samstæðunnar hefur verið óhagfelldari en gert var ráð fyrir í upphafi, meðal annars vegna hærri fasteignagjalda sem eru enn of há að mati stjórnenda, ytri ráðgjafa og lögmanna samstæðunnar. Vísað er til umfjöllunar um ágreining móðurfélagsins Hörpu og Þjóðskrár Íslands í skýringu nr. 4. Í ljósi þessa hefur samstæðunni verið nauðsynlegt að fá rekstrarframlag frá eigendum, íslenska ríkinu og Reykjavíkurborg.

Allt frá árinu 2013 hefur íslenska ríkið og Reykjavíkurborg lagt samstæðunni til rekstrarframlag og það hefur verið forsenda þess að rekstur samstæðunnar gangi. Rekstrarframlag ársins 2017 byggði á viðauka við samning Hörpu annars vegar og íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar hins vegar, dagsettu þann 23. maí 2017. Ekki var gerður sérstakur viðauki vegna rekstrarframlags að fjárhæð 400 milljónir króna vegna ársins 2018 þar sem íslenska ríkið hafði samþykkt það í fjárlögum og Reykjavíkurborg í fjárhagsáætlun.

Eigendur Hörpu samþykktu samkvæmt fjárlögum íslenska ríkisins og fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar að leggja Hörpu til 450 milljóna króna rekstrarframlag á árinu 2019 sem innt verður af hendi með mánaðarlegum innborgunum. Samþykkt eigenda leiðir til þess að lausafjárstaða samstæðunnar er tryggð til ársloka 2019.

Skýringar

13. Fjárhagsleg staða og framsetning reikningsskila samstæðunnar, framhald

Framsetning reikningsskila samstæðunnar

Samkvæmt efnahagsreikningi 31.12.2018 er bókfært eigið fé samstæðunnar neikvætt um 508,9 milljónir króna. Stjórn félagsins telur þó að raunverulegt eigið fé samstæðunnar sé mun hærri í ljósi þess sem hér á eftir verður sett fram.

Stjórnendur samstæðunnar telja að ef mánaðarlegt óafturkræft og samningsbundið framlag frá íslenska ríkinu og Reykjavíkurborg vegna afborgana og vaxta af fjármögnun fasteignar sé fært til eignar muni það leiða til hækkunar á eiginfjárstöðu samstæðunnar að fjárhæð um 19,9 milljarða króna. Krafan vegna framtíðarframlaga ríkis og borgar til ársins 2046 yrði þá færð til eignar sem fjárfra (langtímafjáreign). Stjórnendur telja þá framsetningu gefi glögga mynd af eignum og skuldum samstæðunnar og af tekjum og gjöldum af fjáreignum og fjárskuldum hennar, þar sem framlagið er með beinum hætti tengt þeim skuldabréfum sem gefin voru út vegna fjármögnunar á byggingu Hörpu. Eignfærsla samningsbundna framlagsins byggist á ákvæðum settra reikningsskilareglna og er þar stuðst við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um opinbera styrki (IAS 20 - Government grants).

Fjárhæð eignfærslu langtímafjáreignar byggðist á framtíðarsjóðflæði mánaðarlegs framlags íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar til 15. febrúar 2046, sem fært er til núvirðis með 3,55% vöxtum, sem eru sömu vextir og eru á útgefnum skuldabréfum samstæðunnar. Sá hluti framlagsins sem greiðist innan 12 mánaða frá lokum ársins yrði færður sem skammtímakrafa en hinn hlutinn sem langtímakrafa.

Til viðbótar framangreindum áhrifum á eigið fé leiðir þessi reikningsskilaaðferð til þess að áhrif verðbólgu eru jöfnuð út í rekstrarreikningi viðkomandi árs. Ástæðan er sú að verðbótahækkun færir bæði á langtímafjáreign og langtímaskuld þar sem samningar um framlagið og lánasamningar eru verðtryggðir.

Í samhengi við færslu fjáreignar vegna framlags frá íslenska ríkinu og Reykjavíkurborg vegna afborgana og vaxta af fjármögnun fasteignar yrði að skoða bókfært verð fasteignar (Hörpu) m.t.t. endurheimtanlegs verðs. Bókfært verð fasteignarinnar þann 31.12.2018 er um 16,7 milljarðar króna sem byggist í grunninn á kostnaðarverði að teknu tilliti til lækkunar á byggingarkostnaði sem fjallað er um í skýringu 2.9 hér að framan.

Stjórnendur létu því framkvæma útreikninga á endurheimtanlegu verði, þ.e. tekjuvirði (gangvirði) þeirra áætluðu tekna sem starfsemi Hörpu mun skila. Þar undanskilið eru öll opinber framlög. Reiknað er með hóflegum vexti og ávöxtunarkröfu sem er í samræmi við markaðsaðstæður. Við útreikning á tekjuvirði var stuðst við verðmat sérfróðra dómkvaddra matsmanna í málaferlum vegna fasteignamats Hörpu sem fjallað er um í skýringu nr. 4. Undirliggjandi forsenda í matinu er meðal annars niðurstaða dóms Hæstaréttar Íslands nr. 477/2016 í máli Hörpu gegn Þjóðskrá Íslands.

Byggt á framangreindum forsendum útreikninga á mati á virði Hörpu verður endurheimtanlegt verð fasteignarinnar að fjárhæð 10,9 milljarðar króna í stað 16,6 milljarða króna. Það er lækkun að fjárhæð um 5,7 milljarðar króna sem færa þyrfti til gjalda og til lækkunar á eigin fé.

Framangreindar breytingar á mati og framsetningu ársreikningsins myndu leiða til hækkunar á eigin fé að fjárhæð 12,5 milljarða króna í lok árs 2018 samanber samantektina í töflunni hér á eftir.

	Núverandi reikningsskil	Breytt framsetning reikningsskila	Áhrif breytinga
Eignir:			
Varanlegir rekstrarfjármunir	18.942.146	13.168.677	(5.773.469)
Langtímafjáreign, krafa á ríki og borg	0	19.479.146	19.479.146
Langtímafjáreign, krafa á ríki og borg - næsta árs afborgun	0	446.856	446.856
Aðrir velturfjármunir	947.567	947.567	0
	19.889.713	34.042.246	14.152.533
Skuldir og eigið fé:			
Eigið fé	(508.928)	12.006.075	12.515.003
Langtímaskuldir	19.326.227	19.326.227	0
Tekjuskattsskuldbinding	0	1.637.529	1.637.529
Skammtímaskuldir	1.072.415	1.072.415	0
	19.889.713	34.042.246	14.152.533

Skýringar

13. Fjárhagsleg staða og framsetning reikningsskila samstæðunnar, framhald

Framsetning reikningsskila samstæðunnar, framhald

Stjórnendur Hörpu ohf. telja að framangreind breyting á reikningsskilaaðferðum og mati sýna raunverulega stöðu samstæðunnar og glögga mynd af eignum og skuldum í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Eigendur Hörpu ohf. telja hins vegar ekki rétt eða tímabært að gera ofangreindar breytingar á reikningsskilum samstæðunnar m.a. vegna mögulegra breytinga á framtíðarfyrirkomulagi fjárhagslegs skipulags Hörpu ohf. og samspils við þeirra eigin reikningsskil.

Í ljósi þess sem greint hefur verið frá í þessari skýringu er það mat stjórnenda samstæðunnar að eigið fé sé jákvætt og að hún sé rekstrarhæf. Ársreikningur samstæðunnar er lagður fram á þeim grundvelli.

14. Aðrar upplýsingar

Innskattskvöð

Vegna byggingar tónlistar- og ráðstefnuhúss og bílastæðahúss hvílir á samstæðunni innskattskvöð sem nam um 4.316 milljónum króna í lok ársins. Fyrningatími innskattskvöðarinnar er 20 ár. Innskattskvöðin er háð óvissu sem felst í að útskattur á fyrningartíma nemi hærri fjárhæð en sem nemur framangreindri fjárhæð innskattskvöðar.

Vátryggingar

Samstæðan hefur keypt rekstrarstöðvunaryggingu sem ætlað er að bæta tjón vegna rekstrarstöðvunar á grundvelli skilmála um eignatryggingar. Tryggingarfjárhæðin nemur allt að 984 milljónum króna.

Skipulagsgjald

Skipulagsgjald fyrir fasteignina hefur hefur ekki verið endanlega ákvarðað þar sem endanlegri úttekt á fasteigninni er ekki lokið. Ástæða þess er sú óvissa og málarekstur sem hafa verið um fasteignamat Hörpu. Gert er ráð fyrir að lokaúttekt fari fram á árinu 2019. Fjárhæð skipulagsgjaldsins er óviss en líklegt er að ógreidd fjárhæð gæti numið allt að 100 milljónum króna.

15. Sjóðstreymi

	2018	2017
Aðrir liðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi í sjóðstreymi greinast þannig:		
Áfallnar ógr. verðbætur skuldbréfaútgáfu, dreifing lántökugjalds og yfirverðs	627.687	335.612
Aðrir liðir	(51)	653
	<u>627.637</u>	<u>336.265</u>

16. Dótturfélög og samstæðureikningsskil

Í lok ársins eru dótturfélög sem innifalin eru í samstæðureikningsskilunum þessi:

Nafn og lögheimili	Starfsemi og eignarhlutur	Afkoma 2018	Eigið fé 31.12.2018
Greiðslumiðlunin Hringur ehf.	Lántaka vegna byggingar 100%	559	1.376
Rekstrarfélagið Stæði slhf.	Rekstur bílastæðahúss 77,1%	1.423	28.023
Rekstrarfélagið Hörpustrengir ehf.	Skipulagning viðburða 100%	8.700	33.129

17. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Stjórn samstæðunnar ber ábyrgð á að innleiða og hafa eftirlit með áhættustýringu hennar. Stjórnin hefur falið forstjóra umsjón með daglegri áhættustýringu samstæðunnar.

Skýringar

17. Fjárhagsleg áhættustjórnun, framhald

(a) Áhættustjórnun fjármögnunar

Markmið samstæðunnar við stjórnun fjármögnunar er að tryggja að framlag íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar standi undir afborgunum og vöxtum af lántökum. Ekki er ætlast til að samstæðan skili arðsemi til hluthafa.

Fjármögnun samstæðunnar sundurliðast með eftirfarandi hætti:

	31.12.2018	31.12.2017
Lántökur í lok árs	19.782.392	19.584.120
Fráðregið: handbært fé	(611.241)	(682.301)
Lántökur nettó	19.171.151	18.901.819
Eigið fé	(508.928)	(47.460)
Fjármögnun samtals	18.662.223	18.854.359

(b) Útlánaáætla

Útlánaáætla er hættan á fjárhagslegu tapi ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar.

Samstæðan metur tapsáhættu af kröfum og færir niðurfærslu á móti mögulegu tapi slíkra krafna ef slíkt á við.

Mesta mögulega tap vegna lánsáhættu án tillits til veða er bókfært verð allra fjáreigna samstæðunnar.

(c) Lausafjáráætla

Lausafjáráætla er hættan á því að samstæðan geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Fjárhagsskuldbindingar samstæðunnar felast fyrst og fremst í skuldabréfaútgáfu frá árinu 2013, en samningar fyrirtækisins ganga út frá að alltaf sé til laust fé til greiðslu skuldarinnar. Fyrir liggur samningur til 35 ára við íslenska ríkið og Reykjavíkurborg um framlög sem ganga til greiðslu langtímalánsins.

Taflan hér að neðan greinir skuldir samstæðunnar í flokka eftir gjalddögum þeirra. Fjárhæðir í töflunni vegna greiðslustreymis eru ónúvirtar samningsbundnar greiðslur afborgana og vaxta. Skuldir á gjalddaga innan 12 mánaða frá dagsetningu efnahagsreiknings eru á bókfærðu verði þar sem áhrif núvirðingar eru óveruleg.

	Bókfært verð	Greitt innan 12 mánaða	Greitt seinna en eftir 12 mánuði	Samtals
Staða 31. desember 2018				
Langtímaskuldir (skuldabréfaútgáfa)	19.696.280	1.130.841	29.590.339	30.721.180
Langtímaskuldir við fjármálastofnanir	86.112	21.700	77.845	99.546
Skuldir við tengda aðila	37.836	37.836	0	37.836
Aðrar skammtímaskuldir	578.413	578.413	0	578.413
	20.398.641	1.768.790	29.668.184	31.436.974
Staða 31. desember 2017				
Langtímaskuldir (skuldabréfaútgáfa)	19.486.490	1.095.234	29.753.846	30.849.080
Langtímaskuldir við fjármálastofnanir	97.630	21.015	76.615	97.630
Skuldir við tengda aðila	27.097	27.097	0	27.097
Aðrar skammtímaskuldir	642.923	642.923	0	642.923
	20.254.140	1.786.268	29.830.461	31.616.729

Eftirfarandi er greining á afborgunum íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar til samstæðunnar vegna langtímafjáreignar. Afborganirnar samanstanda af afborgunum verðbættis höfuðstóls og vaxta. Fjárhæðir eru ónúvirtar miðað við verðlag í árslok 2018.

	Innborganir ársins	Innborgað innan 12 mánaða	Innborgað eftir 12 mánuði	Samtals
Staða 31. desember 2018				
Framlag eigenda	1.133.441	1.154.160	30.200.511	31.354.670
Staða 31. desember 2017				
Framlag eigenda	1.106.895	1.117.818	30.367.390	31.485.208

Framlag eigenda í töflunni hér að framan er í samræmi við ákvæði samnings um rekstur og starfsemi Hörpu milli Hörpu annars vegar og eigendanna, íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar, hins vegar.

Skýringar

17. Fjárhagsleg áhættustjórnun, framhald

(d) Vaxtaáhætta

Samstæðan býr við vaxtaáhættu af lántöku með breytilegum vöxtum. Upphæð lánsins var 86,1 milljónir króna í árslok 2017 og vextir þá 5,3%. Ef vaxtakjör lánsins breytast um 1%-stig til hækkunar eða lækkunar, þá hækka eða lækka vaxtgjöld um 0,9 milljónir króna á ári.

Verðbréfaútgáfa samstæðunnar er á föstum vöxtum þannig að hún býr ekki við vaxtaáhættu af henni. Samstæðan býr hins vegar við verðtryggingaráhættu af skuldabréfaútgáfunni vegna vísitölutengingar, en að teknu tilliti til að framlags frá ríki og borg er einnig vísitölutryggt er nettó áhætta af verðtryggingu engin til lengri tíma.

Veruleg áhrif geta orðið á rekstur og eiginfjárstöðu af skammtímasveiflum þar sem fjárfraða vegna framlagsins er ekki eignfærð en skuldin færð að fullu í efnahagsreikningi.

(e) Gjaldmiðlaáhætta

Gjaldmiðlaáhætta samstæðunnar er óveruleg og tengist einkum viðskiptum við erlenda viðburðahaldara og listamenn.